



Tungumálastefna Mánalands

Tilgangur

Fólk sem starfar hjá og leitar til leikskólans er af ýmsu þjóðerni og talar mörg tungumál sem krefst mikils af starfsfólki. Starfsfólk Mánalands þarf fyrst og fremst að huga að því að tungumálakunnáttu barna sé á íslensku en að tekið sé tilliti til kunnáttu þeirra í móðurmáli. Starfsfólkið ber ábyrgð á því að leiðbeina og aðstoða viðskiptavininn á fullnægjandi hátt (börn og fjölskyldur), í ákveðnum tilvikum er sérstaklega mikilvægt að leiðbeiningar og upplýsingar séu settar fram á tungumáli sem viðkomandi getur með góðu móti skilið. Íslenska eða enska getur ekki uppfyllt þessi skilyrði í öllum tilvikum. Mikilvægt er að starfsemin og aðferðir starfsmanna Mánalands til upplýsingamiðlunar og samskipta séu gott fordæmi um viðeigandi þvermenningarlega málnotkun og inngildingu.

Til að eyða óvissu um málnotkun og tryggja að vinnubrögð skólans séu fagleg, áreiðanleg og skilvirk er því nauðsynlegt að marka stefnu um hvenær rétt sé að nota ákveðin tungumál og hvaða textar starfsmenn nota í starfi sínu, hvort þörf sé á þýðingu eða túlk.

Samkvæmt 8. gr. laga [um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls 6/2011](#) er talað um að íslenska eigi að vera **opinbert mál stjórnvalda**. Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannabjónustu. Það er því ljóst að íslenska er aðaltungumálið sem stuðst er við í þjónustuveitingu á Mánalandi. Enska er samt sem áður það tungumál sem flestir sem leita til okkar virðast skilja og nota til samskipta. Þá er enska jafnframt það tungumál sem einfaldast er að þýða með aðstoð þýðingarforrita og því ásættanlegt að nota hana í þeim tilgangi að miðla upplýsingum samhliða og/eða til viðbótar við íslensku.

Þýðingar eru að mestu leyti aðkeypt þjónusta og þar af leiðandi er ekki hægt að þýða allan þann texta sem skólinn vinnur með þar sem um mjög kostnaðarsaman lið er að ræða og hér á Mánalandi er unnið með mikið magn texta. Hins vegar er ljóst að tími, orka og peningar geta sparast með því að sem flestir skilji strax þann texta sem skólinn notar og sendir frá sér.

Með því að þýða stöðluð bréf, leiðbeiningar, samninga um þjónustu, kynningarefni og ýmis algeng svör næst ákveðin skilvirkni í þjónustu.

Starfsfólk talar einnig ýmis tungumál og mikilvægt er í því samhengi að hvetja það til að styðja við börnin, foreldra þeirra og vinnufélaga á skilningsríkan hátt við að nálgast þjónustu og/eða til daglegra samskipta. Á endanum er íslenska opinbert tungumál leikskólans og mikilvægt að nota hvert tækifæri til að brúa bilið milli móðurmáls og íslensku með það að markmiði að styðja við virka þátttöku allra og skilning á því samfélagi sem við búum í hér á Íslandi.

Lagagrundvöllur fyrir stefnu um tungumálanotkun

Þó að við teljum siðferðislega og raunhæft að styðjast við mörg tungumál á Mánalandi til að ýta undir vellíðan og þroska barna þar sem jafnrétti og borgaraleg réttindi foreldra og starfsfólks eru höfð í huga, þá höfum við einnig byggt stefnu okkar út frá ýmsum lögum og reglum, m.t.t. málnotkunar til að leiðbeina okkur í skyldum okkar við fólkið sem við veitum þjónustu og menntun. Hér á eftir koma ýmis dæmi um lög, stefnur og reglugerðir sem styðja við rökstuðning okkar og skyldur er snúa að formlegri stefnu um málnotkun.

- [Lög um leikskóla 90/2008](#)

2. gr. Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,

7. gr. Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

9. gr. Foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál eiga rétt á túlkun á upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

- Aðalnámskrá leikskóla 2011

2.1.4 Jafnréttismenntun snýr að því að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, til að rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Leiðarljós leikskóla:

- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.

9.1 Læsi og samskipti sem snúa að því að velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

- Í 8. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls stendur:

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannajónustu.

Í athugasemdum í greinargerð við þetta ákvæði segir m.a.:

„Ef gera á undantekningu frá meginreglunni verður að vera til þessi sérstaka heimild í lögum. Þegar þörf er á að texti sé birtur á öðru máli en íslensku skal það gert með þýðingu á íslenska frumtextanum. Á mörgum sviðum, einkum í stjórnsýslunni, hljóta samskipti að fara fram á öðrum málum og má hér nefna samskipti íslenskra yfirvalda og yfirvalda einstakra erlendra ríkja og samskipti við alþjóðastofnanir og samtök, munnleg samskipti milli stjórnvalda og borgaranna, t.d. á sviðum sem snúa að erlendum mönnum búsettum hér.“

- **Norræni tungumálasáttmálinn:**

Norræni tungumálasáttmálinn gildir um munnleg og skrifleg samskipti borgara við stjórnvöld. Ríkisborgarar norrænna ríkja eiga að geta notað sitt eigið tungumál í samskiptum við stjórnvöld eftir þörfum. Þau tungumál sem um ræðir eru auk íslensku: danska, finnska, norska, sænska, færeyska, grænlenska og samíska. Samningurinn gildir um munnleg og skrifleg samskipti. Ber stjórnvaldi að útvega túlk eða skjalapýðanda, málsaðila að kostnaðarlausu.

Skilji báðir aðilar t.d. ensku er stjórnvaldi hins vegar tæplega skylt að nota túlk.

Leiðbeiningar skulu vera skriflegar og/eða aðgengilegar á mynd- eða hljóðmiðli og á tungumáli sem ætla má með sanngirni að umsækjandi geti skilið. Þegar um fylgdarlaust barn er að ræða skulu leiðbeiningar vera í samræmi við aldur þess og þroska.

- **Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna:**

Leikskólinn Mánaland lítur á þjóðernisuppruna og tungumálakunnáttu sem samofin mál. Mánaland er ábyrgt fyrir því að tryggja aðgang að upplýsingum og þjónustu við fólk af ólíkum þjóðernisuppruna með ólík tungumál að móðurmáli. Hægt er að túlka okkar ábyrgð í því að fylgja og varðveita réttindi sem eru skilgreind í lögum um jafna meðferð, óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og hafa ákveðið gildi í notkun tungumála. Sérstaklega eftirfarandi málsgrein:

2. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Í 9. gr. er bann lagt við mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu:

Hvers kyns mismunun vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna í tengslum við aðgang að eða afhendingu á vöru er óheimil. Hið sama gildir um þjónustu og aðgang að þjónustu og jafnframt um húsnæði sem er í boði fyrir almenning. Ákvæði þetta gildir þó ekki um viðskipti á sviði einka- og fjölskyldulífs.

Markmið stefnu Mánalands um tungumálanotkun

- Túlkaþjónusta er notuð þegar beiðni kemur frá foreldrum eða starfsfólki.

- Að nýta móðurmálskunnáttu barna, starfsfólks og foreldra sem stuðning til að auka aðgengi og skilning á íslensku máli.
- Að tryggja gott aðgengi starfsfólks, foreldra og barna að upplýsingum og þjónustu á vegum Mánalands óháð uppruna eða tungumálakunnáttu.
- Að tryggja starfsmönnum Mánalands af erlendum uppruna eða með annað móðurmál en íslensku öruggt rými til að aðlagast íslenskri tungu.
- Að vera fyrirmynd annarra stofnana, fyrirtækja, samtaka og/eða opinberra aðila varðandi notkun túlka og þýðingarþjónustu bæði í starfsvenjum og þjónustuveitingu.
- Að tryggja að starfsmenn Mánalands fái tækifæri til að nýta tungumálakunnáttu sína samhliða íslensku í starfi.

Verklag

1. Allir staðlaðir textar sem útbúnir eru verða að vera á íslensku og með að minnsta kosti tiltækar enskar þýðingar. Texti sem birtur er eða sendur út og kynntur er á heimasíðu skólans skal einnig vera á ensku þegar því verður við komið án óeðlilegrar fyrirhafnar og mikils kostnaðar.
2. Öll samskipti skólans, bæði skrifleg og munnleg, eiga að vera auðskiljanleg fyrir viðtakanda og að ekki sé erfitt að bregðast við þeim. Allur ritaður texti ætti að vera á skýrri, góðri íslensku og einfaldri ensku sem auðvelt er að þýða á önnur tungumál án þess að hætta sé á misskilningi.
3. Einnig skal leitast við að nýta efni sem er auðvelt að skilja án þess að þurfa þýðingu, til dæmis með myndefni (með skýringarmyndum) og/eða forritum sem nota töluð orð á mörgum tungumálum eða texta.
4. Kynningarefni sem framleitt er af Mánalandi þarf að þýða á sem flest tungumál.
5. Samkvæmt Jafnréttisstefnu Mánalands „ber...að gæta að kynjasambættingu í starfsemi sinni. Sérstaklega þarf að gæta þess að kyn, trú, kynþáttur, þjóðerni, efnahagsleg staða, kynhneigð að öðru leyti séu ekki mismunað við gerð upplýsinga fyrir kynningarefni sem samtökin gera“.
6. Starfsmenn á Mánalandi af erlendum uppruna með annað móðurmál en íslensku skulu eiga þess kost að sækja íslenskukennslu sem hluta af símenntun og starfsþróunaráætlunum, á vinnutíma þegar þess er kostur og ef þörf krefur. Einnig þarf að leita leiða til að tryggja að starfsmenn sem eru að læra íslensku eða bæta íslenskukunnáttu sína fái viðeigandi stuðning og hvatningu frá samstarfsfólki sem talar íslensku.
7. **Gert er ráð fyrir að allt starfsfólk sem vinnur með börnum á deildum noti íslensku í samræðum við börn, þegar það talar í kringum börn við annað starfsfólk og við foreldra þegar það er hægt.** Ef það er nauðsynlegt eða til stuðnings barni að nota móðurmál sitt í samskiptum er ætlast til þess að starfsfólk hafi einnig milligöngu um það sem sagt var á íslensku við viðkomandi barn og öll börn í næsta nágreinni og skapi því gagnkvæman skilning og stuðningsaðstoð án aðgreiningar tungumálaumhverfis.
8. Starfsmönnum ber að nýta sér túlkþjónustu þegar þeir telja það nauðsynlegt til að tryggja skilvirk samskipti við foreldra og eða börn. Starfsmenn panta túlkþjónustu sem skilgreind er í Ríkiskaupum, nema tungumálið sé ekki tiltækt hjá þeim aðilum sem skilgreindir eru í rammasamningum þar.

Ábyrgð á vinnureglum

Vinnureglur þessar skal yfirfara reglulega. Ábyrgð á framkvæmd, yfirferð og úrbótum er hjá leikskólastjóra samráði við starfsmenn Mánalands og heyrir undir hann sé þörf á breytingum reglnanna innan ákveðins tímaramma.